

35. stjórnarfundur Bergrisans bs.

31. janúar 2022

Fundur hófst klukkan 15:00 í fjarfundi á Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Melkorka Jónsdóttir velferðasviði Árnesþings, Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðarsviði Árborgar og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Minnisblað verkefnastjóra

Verkefnisstjóri fer yfir stöðu mála frá síðasta fundi stjórnar Bergrisans bs. Ljóst er að forsendur útkomuspár 2021 byggðasamlagsins eru algjörlega brostnar miðað við nýjustu upplýsingar frá Jöfnunarsjóði. Rekstur Bergrisans bs er í uppnámi og felur stjórn Bergrisans formanni og verkefnisstjóra að óska eftir fundi með jöfnunarsjóði vegna málsins.

2. Samningur við Skaftholt- staða samningsviðræðna vegna rekstrarársins 2022

Verkefnisstjóri fer yfir stöðu samningaviðræðna.

Fundið slitið kl. 16:25